

## Rætt við Einar Hákonarson listmálara

— Ég hef aldrei verið upp á það kominn hvort myndirnar seljast eða ekki. Afkoma mín hefur nefnilega aldrei oltið á því að þær seljist því að ég hef alltaf haft fastar tekjur af annarri vinnu. Ekki svo að skilja, að ég sé ekki ánægður þegar einhver vill kaupa myndir eftir mig. Bæði er það auðvitað ánægjuefni að fólk skuli vilja hafa þær hjá sér og peningar koma sér ekki síður vel fyrir mig en aðra. En salan er sem sé ekki aðalatriði, sagði Einar Hákonarson listmálari og skólastjóri þegar við heimsóttum hann fyrir helgi til að spjalla við hann um myndlist og lífsbaráttuna almennt, en Einar opnaði málverkasýningu á Kjarvalsstöðum um síðustu helgi.

— Yfirleitt hefur það verið kennsla, sem ég hef unnið við. Kennsla er krefjandi og ljýjandi starf, en hún er líka skemmtilegt viðfangsefni. Myndlistinni hef ég svo sinnt eftir því sem tók eru á — aðallega eru það nú helgarnar og sumarfrí, sem fara í þetta.

— Þú nefnir kennslu, en hefur þitt daglega líf ekki breytt töluvert við að taka við skólastjórn Myndlista- og handiðaskóla Íslands?

— Nei, ég finn í rauninni ekki mikinn mun á því að stjórna þessari stofnun og því að sinna kennslu einvörðungu. Munurinn er náttúrulega í því fólgin fyrst og fremst að nú ræð ég meiru en áður, og það á alveg ljómandi vel við mig, segir Einar og hlær. — Ég er nefnilega svo ráðríkur.

— Ætlarðu að vera skólastjóri lengi?

— Nei, það hef ég aldrei hugsað mér. Þetta er annað árið, sem ég er skólastjóri, og það eru ákveðnar breytingar, sem ég hef hug á að gera á skólanum. Því fyrr sem þær komast í framkvæmd þeim mun fyrr hætti ég, svo ef það eru einhverjir sem vilja losna við mig þá er hentugasta leiðin kannski sú að ýta undir slíkar breytingar. En gamanlaust, — þá er ég þeirrar skoðunar, að það sé best fyrir alla aðila að menn séu ekki mjög lengi í einu í svona störfum. Það er langtum betra að fá nýtt blóð við og við, annars fer varla hjá því að um stöðnum verði að ræða. Slíkt er ekki sízt varasamt í skólum.


— Hvaða breytingar eru það helzt, sem þú vilt koma á í skólanum?

— Það er ýmislegt í sambandi við námstílhögun. Það er til

dæmis verið að lengja nám í sérdeildunum en við það stýttist nám í undirbúningsdeild. Ég er líka að reyna að koma á skipulögðum nemenda- og kennarskiptum við Norðurlönd og reyndar fleiri lönd. Það er gífurlega mikið mál að reyna að rjúfa þessa einangrun, sem við búum við. Að sumu leyti er auðveldara að skipuleggja svona skipti í samvinnu við Norðurlöndin, en við megum líka vara okkur á því að binda okkur ekki of mikið við þau. Þótt norræn menning sé

merkileg og norræn samvinna sjálfsögð og góðra gjalda verð er nauðsynlegt fyrir okkur að skyggjast lengra og verða fyrir áhrifum annars staðar frá, ekki sízt Bandaríkjunum þar sem myndlist stendur með hvað mestum blóma um þessar mundir.

Þá á ég eftir að nefna það verkefni, sem ég hef ekki sízt áhuga á en það er að bæta aðstöðuna í skólanum sjálfum. Við verðum að bæta við tækjabúnað — fá fullkomnari tæki. Nú er verið að taka í notkun keramik-verkstæði í skólanum, sem er mjög fullkomið — svo fullkomið og vel úr garði gert að ég efast um að á þetta verði kosið. Textíl-deildina þarf að búa miklu betri og fullkomnari tækjum en nú eru fyrir hendi, og svo mætti lengi telja. Möguleik-



Einar Hákonarson í nýju vinnustofnunni í húsi sínu að Vogaseli 1. Mótin, sem sjást á myndinni, eru af veggskreytingu í Hólabrekkuskóla.

# Menningin er víðar en í bókum og myndarömmum

arnir eru óþrjótandi og allt er þetta framkvæmanlegt, en allt kostar þetta auðvitað peninga. Ekki endilegar einhverjar svimandi fúlgur, en ég held nú að enginn þurfi að sjá eftir þeim peningum þegar þeir fara að skila afkrastri. Til að skýra þetta ofurlítið betur skulum við halda okkur við keramikina. Við eigum góða leirkerasmiði, vel menntaða og hugkvæma, sem geta búið til afbragðs hluti. Vandamálið er bara það, að þeir hafa ekki nægilega góða aðstöðu þannig að vinna þeirra er of dýr til þess að framleiðslan geti orðið í stórum stíl. Afleiðingin er sú að hér eru allar búðir fullar af innfluttu dóti, sem hefur það eitt fram yfir góða hluti, að það kostar litla peninga. Mér er sagt að hingað sé flutt in keramik fyrir 300 milljónir á ári. Með

skynsamlegri vinnubrögðum, sem aðeins er hægt að koma á með betri aðstöðu, væri hægt að stórlækka verð á leirmunum, þannig að fólk upp til hópa gæti keypt þá og haft þá til daglegs brúks.

Sama er að segja um textíl, eða vefjarlist. Við eigum nóg af ágætum vefurum, en vinna þeirra er líka of dýr til þess að verkin geti orðið hvers manns eign. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að taka upp hagkvæmari vinnubrögð. Á þessari tækniöld er ekkert sjálfsagðara en að láta vélar vinna hluta verksins, — vandaður hlutur þarf ekki að missa neitt af gildi sínu við það. Hér eru ógrynni flutt inn af alls konar taui, sem stenst fyllstu kröfur, sem gerðar eru til gæða og hönnunar. Þetta er útaf fyrir

sig ágætt, en meinið er bara það að innfluttar vörur geta aldrei haft sama gildi fyrir Íslendinga og íslenskar vörur. Menning er nefnilega víðar en í bókum og myndarömmum — menning setur svið á allt umhverfið, og við eigum að kappkosta að íslensk menning verði uppistaðan í umhverfi okkar en ekki einungis lítill hluti af ívafinu.

— Einu sinni bjóstu í gömlu timburhúsi í Hafnarfirði. Er þetta nýja hús tákn um borgaralega velmegun?

— Ætli það ekki. Nei, ætli það sé ekki tákn þess að við Sólvéig vorum búin að fá okkur fullsöð af gömlum húsum. Við vorum reyndar komin með tvö gömul timburhús í Firðinum upp á okkar arma, en svo var þetta einfaldlega orðið of erfitt og of dýrt. Ég hef alltaf haft mikið dálæti á gömlum húsum og hef það enn, en þeir, sem taka sér fyrir hendur að gera þau upp og halda þeim við eins og þarf, vita hvað þeir hafa að gera. Meginástæðan fyrir því að við fórum að byggja hér var samt sú, að húsnæðið í Hafnarfirði hentaði okkur orðið illa. Ég þurfti til dæmis að flytja vinnustofuna tíu sinnum á jafnmörgum árum, og var búinn að fá meira en nóg af því. Kostirnir við að hafa vinnustofu í sambandi við heimilið eru augljósir, en lengi vel var vandamálið það að skipulagsyfyrirvöld vildu ekki leyfa byggingu á húsum, sem gátu rúmað vinnustofu myndlistarmanns. Það féll ekki inn í rammann — þessi lágrestu hús með flötu þökunum, sem hvarvetna blasa við. Að lokum var þó fallið á að veita nokkrum listamönnum leyfi til að byggja á þessu svæði hér — við erum átta í nokkurs konar þyrpingu. Í námunda við húsinn eru, auk garða, blettir ætlaðir fyrir listaverk, þannig að þetta getur orðið ákaflega skemmtilegt með tímanum, ekki bara fyrir okkur, sem hér búum, heldur alla sem leið eiga um, sagði Einar Hákonarson að lokum.

— Á.R.



Listamannahverfið í Breiðholti. Lengst til hægri er hús Einars Hákonarsonar og konu hans, Sólvéigar Hjálmaradóttur, en aðrir listamenn í hverfinu eru: Örn Þorsteinsson, Helgi Gíslason, Leifur Magnússon, Ingunn Eydal, Steinunn Bergsteinsdóttir, Hallsteinn Sigurðsson og Björgvin Haraldsson.

(Ljós. Emillia)